

Hvaða bækur hafa fylgt þér lengst,  
þú hefur lesið oftast eða haft mest áhrif á þig?


## Drengurinn, hundurinn og blaðsíða 401... Og með batnandi bæklunarlæknum er best að lifa

Sumarið er 1997. Ég var nýfermdur og nýstraujaður fyrir lífið, skólaður af Tolkien og Stephen King, Akraborgin var alþjóðleg reynsla í mínum huga, en ég skyldi í loka sumars heimsækja okkar gömlu nýlenduherra. Þá þurfti ég kapital og morgunljóst að unglíngavinnan myndi ekki hrökkva til. Slitviljugur til vinnu birtist ég sem bjargræði í atvinnu-miðlunarkerfi þjóðarinnar, *Bændablaðinu* og fyrr en varði, var ég búinn að hryggbrjóta sex fjósafursta og kominn í sveit fyrir norðan. Dalalífið.

Vistin reyndist mér mikil raun. Ég var einn, en naut þó athygli frá íslenskum fjárhundi sem reyndist skilningsríkari en margur mennskur ráðgjafinn. Í mínum vikulegu símtölum heim greip meinhornið hann faðir minn inn í sjálfsvorkunn mína og í stað samúðarkveðja sendir hann skotfæri. Í pakkanum voru *Þrælarnir*, *Þrúgur reiðinnar*, *Dagbók Önnu Frank* og bókin sem mundi brátt breyta lífi mínu, ævi- og örlagasagan *Ég lifi*, eftir Martin Gray, pólskan gyðing sem lifir af helförina, en hann var jafnaldri minn þegar hildarleikurinn knúði á dyrnar í lífi hans.

Ég las fram í nóttina og ræddi við hundinn daginn eftir um þær aðstæður og örlög sem protagonistunum var skapað. Það voru sprungur í heimsmyndaveggnum. *Ég lifi*, braut sig í gegn. Það er aldri þegar maður heldur að heimurinn sé nokkurn veginn réttvís og sanngjarn, en Martin afgreiddi þá hugmynd í einni svipan. Bókin er yfirgengilega full af missi, illsku og tilviljunum. Hún svipti mig öllum þægilegum hugmyndum

um stjórn á tilverunni. Þegar ég kom á blaðsíðu 401 missti ég trúna. Engin heimspekileg rökleiðsla. Bara þögn og hún yfirgaf herbergið. Eftir sat drengur í sveit með hund, orðinn nihilisti. Ég hef síðan þá lesið hundruð bóka og hver og ein hefur skilið eftir sig fingrafar, en minn annar bókmenntalegi hvalreki varð 30 árum seinna þegar ég fékk í greiparnar *Behave* eftir Robert M. Sapolsky. Ef Martin reif niður sunnudagaskólan, þá gekk Sapolsky inn í rústinarn með höfuðljós og byrjaði að útskýra manninn. Martin sýndi mér að veröldin



væri ekki réttlát. Sapolsky sýndi mér að manneskjan væri ekki heldur einföld. Slæmar fréttir fyrir ungan bæklunar-lækni sem vildi helst geta skipt heiminum í skýrar línur, heilt bein, brotið bein, gott og illt, dugnað og ódugnað, styrk og breyskleika. Í *Behave* er hegðun ekki afgreidd sem skapgerðargalli eða einfaldlega brestir í síðferði. Hún er rakin aftur og aftur, inn í æsku, gen, hormóna, streitu, félagslegt umhverfi og aðstæður sem við sjáum sjaldnast nema brotabrot af. Sérstaklega sat í mér umfjöllunin um



Njáll Vikar Smáráson  
hryggjarskurðlæknir við Klíníkina

framheilann, þetta viðkvæma stjórnherbergi hömlunar, dómgreindar og samkenndar. Mannleg breytni sprettur ekki úr einum kjarna, karakter, heldur úr marglaga sögu sem býr í gráa efninu og lífinu. Við sjáum viðbragðið, en sjaldan forsöguna. Þar sem metamorfósa mín í bæklunarlækni var nær fullkomnuð á þessum tíma var þetta holl lexía. Ég fór síður að hugsa um „erfiða“ sjúklinga og oftast að velta fyrir mér hvaða saga kæmi með þeim inn á stofuna. Hvaða byrði væri falin í líkamanum. Mýkti mig, ekki faglega heldur í mannskilningi. Nú vafra ég meðal kollega sem svartur ísbjörn, bæklunarlæknirinn sem dreymir um að verða geðlæknir. Frjáls vilji?

Mínar bækur eru gefnar og lánaðar, en bækur eru fólk á prenti, sumar ganga fram hjá, aðrar taka sér bólfestu í taugakerfinu líkt og VZV og leita aftur fram í hugann við ákveðnar aðstæður. Þær móta mann, ekki síður en vinir og vonbrigði. Mörg kvöld hef ég átt með vini mínum Valentínusi Valdimarssyni, skurðlækni og Svedo-phil, þar sem við tókumst á um bækur og eru það oft betri samræður en bransasögur af akútunum.

Því skora ég á Valentínus Valdimarsson að KOMA HEIM og taka við bóka-merkinu.

Ég skora á Valentínus Valdimarsson að skrifa næsta bókapistil.